

# Námskeið um ASEBA matstækin

(Achenbach System of Empirically Based Assessment)

## Markmið

Að þátttakendur kynnist notkunarmöguleikum ASEBA kerfisins. Kynnist íslensku útgáfum nýjustu matslistanna, fyrirlögn og úrvinnslu. Að þátttakendur fái æfingu í að leggja matslista fyrir, vinna úr svörum og taka þátt í umfjöllun um niðurstöður byggðar á mælitækjum ASEBA. Kennslan fer fram í fyrirlestraformi, með umræðu og verkefnum.

Á námskeiðinu verður lögð áhersla á mælitækið fyrir fullorðna, 18-59 ára, aðferðir og notkunarmöguleika í félagsþjónustu. Á námskeiðinu æfa þátttakendur og taka þátt í túlkun og umfjöllun um niðurstöður og tengja við verkefni og notagildi í daglegu starfi.

Námskeiðinu verður fylgt eftir með handleiðslu í hópum þar sem unnið verður með túlkun og einstaklingabundna áætlanagerð á grundvelli niðurstaðna.

## Fimmtudagur – 6. sept. 2007 kl. 8:30-16:15 (kaffi og matarhlé ákv. í upphafi námskeiðs)

- Kynning á ASEBA matstækjum, aðferðafræði og notkunarmöguleikum þeirra.
- Stuttleg upprifjun í aðferðafræði og um stöðluð matstæki.
- Kynntar breytingar á matslistum og niðurstöður rannsókna með ASEBA hér á landi og úr samanburðarráttóknum m.t.t. íslenskra viðmiða.
- Þátttakendur fylla út matslista.
- Fjallað um fyrirlögn og vinnuferli, um undirbúning fyrir úrvinnslu, yfirferð og óvissuþætti í svörum og úrvinnslumöguleika.
- Sýnd uppsetning ADM hugbúnaðar (Assessment Data Manager) við úrvinnslu matslista.
- Unnið úr matslistum.
- Verkefnavinna: Kynning, umræða um niðurstöður, samanburð og túlkun.
- Umræða um þróunarverkefnið – ákvörðun um samsetningu handleiðsluhópa og tímasetningar.
- Samantekt og lok.

**Kennari:** Halldór Sig. Guðmundsson, félagsráðgjafi - MA

## Þátttakendur:

- Starfsfólk félagsþjónustu/þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar sem annast þjónustu við langtímaatvinnulausa og móttakendur fjárhagslegar aðstoðar.

## Lesefni:

1. Þátttakendur kynni sér almennar upplýsingar um matstæki ASEBA á heimasíðum: [www.aseba.net](http://www.aseba.net) og [www.aseba.org](http://www.aseba.org) Bent er sérstaklega á skoða upplýsingar varðandi rannsóknir á þessum heimasíðum.
2. ASEBA handbækur (Manual eða Guide), t.d. Achenbach, T.M., & Rescorla, L.A. (2003). *Manual for the ASEBA adult forms & profiles*. Burlington, VT: University of Vermont, Research Center for Children, Youth, & Families. (gæti verið til á þjónustumiðst.)
3. Halldór Sig. Guðmundsson (2006). Skimun og stöðluð matstæki. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstj.), (2006). *Heilbrigði og heildarsýn – félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 242-256). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknasetur í barna og fjölskylduvernd. (fæst í bókabúð/söfnum –hægt verður að kaupa bókina á námskeiðinu)

Námskeiðið verður haldið í fundarsal í húsnæði Velferðarsviðs, Hafnarhúsi.

**Til þátttakenda:** Þeir sem eiga þess kost, vinsamlegast hafið **fartölvu með ykkur.**